

Borgarráð

Starfshópur um miðlæga stefnumótun

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um miðlæga stefnumótun eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að vinna að umbótum og samræmdri framkvæmd í stefnumótun og stefnuframkvæmd, einkum í miðlægri stjórnsýslu og miðlægri stefnumótun. Að fá bætta yfirsýn yfir þær miðlægu stefnur og stefnumarkandi skjöl sem eru fyrir hendi og tengingu við undirstefnur og áætlanir málaflokka. Jafnframt fá yfirsýn yfir þær aðferðir sem notaðar eru við miðlæga stefnumótun. Á grundvelli greiningarvinnu setji starfshópur fram viðmið um bestu framkvæmd við stefnumótun.

Stefán Eiríksson
borgarritari

Hjálagt:
Drög að erindisbréfi starfshóps um miðlæga stefnumótun.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um miðlæga stefnumótun

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að vinna að umbótum og samræmdri framkvæmd í stefnumótun og stefnuframkvæmd, einkum í miðlægrri stjórnsýslu og miðlægrri stefnumótun. Að fá bætt yfirsýn yfir þær miðlægu stefnur og stefnumarkandi skjöl sem eru fyrir hendi og tengingu við undirstefnur og áætlanir málaflokka. Jafnframt fá yfirsýn yfir þær aðferðir sem notaðar eru við miðlæga stefnumótun. Á grundvelli greiningarvinnu setji starfshópur fram viðmið um bestu framkvæmd við stefnumótun.

Helstu verkefni:

- Greining á miðlægum stefnum: 1. Gerð greiningarskapalóns, 2. Kortlagning á miðlægum stefnum og stefnumarkandi skjölum, 3. Greining á miðlægum stefnum og stefnumarkandi skjölum.
- Greining á aðferðafræði við stefnumótun í miðlægrri stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.
- Tillögur að viðmiðum eða reglum um stefnumótun og stefnuframkvæmd.
- Framsetning á valkostum og aðferðafræði við stefnumótun fyrir Reykjavíkurborg.
- Tillögur að birtingu stefnuskjala í gæðahandbók og/eða innri vef og skilgreining á ábyrgð á viðhaldi þeirra í gæðahandbók.

Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður).

Fulltrúi skrifstofu borgarstjórnar.

Fulltrúi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Fulltrúi mannréttindaskrifstofu.

Fulltrúi fjármálaskrifstofu.

Fulltrúi skrifstofu þjónustu og reksturs.

Fulltrúi mannauðsdeildar.

Forstöðumaður stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ tekur þátt í störfum starfshópsins, framlag hans nemi allt að einum mannmánuði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Starfshópur leiti jafnframt ráðgjafar borgarlögmanns og hafi samráð við fagsvið Reykjavíkurborgar um tillögur.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir 15. ágúst 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Stefán Eiríksson